

Farið var með breytingarnar samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.  
Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 28. mars 2003.*

**Hafís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Roðasali 1. Sambýli. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. febrúar 2003 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Roðasali. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til suðurs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. Heimsendi. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 25. mars 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi hestúshaverfisins í Heimsenda. Í tillögunni felst m.a. stækkun hestúshaverfisins til suðurs og vesturs, breyttri aðkomu að svæðinu, félagsheimili, tamningagerði og hringgerðum ásamt landmótun á svæðinu. Þá er í skipulaginu ennfremur gerð grein fyrir taðþróum, mengunarvörnum og göngu- og reiðleiðum að og frá svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 4. apríl 2003.*

**Birgir H. Sigurðsson**, skipulagsstjóri Kópavogs.

## REGLUGERÐ

### um upplýsingaskyldu seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um upplýsingagjöf um eldsneytisnotkun og losun á koldíoxíði við markaðssetningu á nýjum fólksbifreiðum.